



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til íþróttar og tómstundanevndar Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað starfsmanns

Dags: 6. september 2021

Málsnúmer: 201904174/13.12.9

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Edda Davíðsdóttir, Tómsundafulltrúi Mosfellsbæjar

Lýðheilsu og forvarnarstefna

Mosfellsbær var fyrsta heilsueflandi samfélagið á Íslandi. Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að verkefnum sem styðja við þær áherslur sem þar hafa verið lagðar.

Í byrjun yfirstandandi kjörtímabils var tekin ákvörðun um að færa lýðheilsu- og forvarnarmál frá fjölskyldunefnd til íþróttar- og tómstundanevndar. Þannig færðist ábyrgð á stefnumótun í þeim málaflokkum frá fjölskyldusviði til fræðslu- og frístundasviðs.

Samkvæmt samþykktum fyrir íþróttar- og tómstundanevnd frá 31.10.2018 er eitt af hlutverkum nefndarinnar að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í íþróttar-, tómstunda-, forvarna- og lýðheilsumálum. <http://www.mosfellsbaer.is/stjornkerfi/stjornkerfi/reglur-og-samthyktir/nanar/2018/10/31/ithrottatomstundanevnd/>

Íþróttar- og tómstundanevnd Mosfellsbæjar ákvað í júní 2019 að setja af stað vinnu við stefnumótun í lýðheilsu- og forvörnum fyrir Mosfellsbæ. Mótun lýðheilsu- og forvarnarstefnu er ætlað að skerpa á markmiðum, leiðum og sérstöðu Mosfellsbæjar sem heilsueflandi samfélags en Mosfellsbær hefur frá árinu 2012 verið leiðandi í hópi sveitafélaga sem láta sig heilsueflingu íbúa og starfsfólks varða. Lykilatriði í þeirri vegferð er að samþætta sjónarmið lýðheilsu og forvarna inn í allar ákvarðanatöku og verkefni bæjarins.

Markmiðið er að Mosfellsbær þróist til framtíðar sem enn öflugra og heilbrigðara samfélag öllum til heilla. Lögð verður áhersla á að Heimsmarkmið- og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna endurspeglar í lýðheilsu- og forvarnarstefnu bæjarins.

Tilgangurinn með lýðheilsu- og forvarnarstefnu er margþættur, m.a. að:

- auka þekkingu á mikilvægi heilsueflingar
- auka þekkingu á þeim fjölbreyttu möguleikum sem eru til heilsueflingar
- auka þátttöku í heilsueflandi athöfnum
- minnka líkur á athöfnum sem hafa neikvæð áhrif á heilsu og líðan
- auka lífsgæði, öryggi og ánægju íbúa



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSGÆKNI UMHYGGJA

Lýðheilsu- og forvarnarstefna Mosfellsbæjar verður ein af undirstefnum bæjarins og tekur mið af megin stefnu bæjarins þar sem framtíðarsýn bæjarins er eftirfarandi: *Mosfellsbær er fjölskylduvænt, heilsueflandi umhverfi og framsækið bæjarfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi*. Stefnumótun í lýðheilsu- og forvarnamálum mun einnig samþættast með öðrum undirstefnum bæjarins.

Lögð voru fram drög að verk áætlun við mótun lýðheilsu- og forvarnastefnu Mosfellsbæjar. Utanaðkomandi ráðgjafi hélt utan um heildarvinnuna í samvinnu við stýrihóp sem í eiga sæti fulltrúar allra sviða auk verkefnastjóra frá Heilsueflandi samfélagi.

Framvinda verkefnis:

Ragnheiður Agnarsdóttir, Heilsufélagið, ráðin inn í verkefnið

Tómstundafulltrúi, starfi breytt í tómstunda- og lýðheilsufulltrúa

- RA tók viðtöl við hagsmunaaðila
- Drög lögð fyrir íþrótt- og tómstundaneftnd
- Drögin kynnt fyrir hagsmunaaðilum og bæjarbúum á netinu
 - Samráð við bæjarbúa og hagsmunaraðila þar sem leitað er eftir hugmyndum að markmiðum og leiðum við útfærslu áhersluþátta stefnunnar. Nánar hér: www.mos.is/heilsumoso
- Önnur umferð, þar sem sviðin voru beðin af yfirfara breytingar
- Viðtöl við stýrihóp, stefna yfirfarin og löguð eftir umræður
- September 2021 stefnan kynnt í íþrótt- og tómstundaneftnd

Næstu skref

Í framhaldi af umfjöllun í nefndinni verður stefnunni vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

Ef að allt gengur eftir verður stefnan kynnt í nefndum og stýrihópum kallaður saman til samráðs og kynningar á stefnu og skipulagi.

1. Stýrihópur:
 - a. Verkefnastjóri tómstunda- og lýðheilsu (starfsmaður hóps)
 - b. Fulltrúi samfélagsins
 - c. Heilsuvin
 - d. Fulltrúar frá hverju sviði / deild
 - i. Fræðslu- og frístundasviðs (2) – skóli og frístund
 - ii. Fjölskyldusvið (1)
 - iii. Umhverfissvið (1)
 - iv. Mannauðsdeild (1)
2. samráðsvettvangur
 - a. Stýrihópur
 - b. Löggæslan
 - c. Heilsugæslan
 - d. FMOS



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSGÆKNI UMHYGGJA

- e. Íþróttafélög
Tómstundafélög
- f. Leik- og grunnskólar
- g. Eldri borgarar
- h. Heilsuvin
- i. Ungmennaráð/starfsmaður

Verkefni ársins-ma

- Tengja stefnuna við Heimsmarkmið og Barnasáttmála Sp.
- Eiga samtöl við hagaðila um hvern áhersluþátt. Markmið, undirmarkmið og helstu verkefni.

Virðingarfyllst,